

Fundur í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps
mánudaginn 7. september 2009 kl. 15:00
Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein bls. að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Herdís Matthíasdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. **0908028** Bréf dags. 21. ágúst s.l. frá Hafnasambandi Íslands með boði á Hafnafund 2009. Ákveðið að senda ekki þátttakanda.
2. **0908029** Umsókn dags. 8. júlí s.l. frá Þórði Óskarssyni um leyfi til að reisa vinnuskúr í landi Fjarðar. Stöðuleyfi veitt til eins árs. Umsækjanda bent á að til þess að unnt sé að sækja um byggingarleyfi verða bygginganefndarteikningar og afstöðumynd að liggja fyrir.
3. **0907036** Umsókn dags. 27. júlí s.l. frá Tómasi Sigurgeirssyni um byggingarleyfi fyrir geymsluskemmu á Reykhólum. Byggingarleyfið samþykkt.
4. **0907022** Umsókn dags. 15. júlí s.l. frá Orkubúi Vestfjarða um lagnaleyfi milli jarðhitasvæða og dreifikerfis á Reykhólum. Leyfið samþykkt.
5. **0907038** Umsókn dags. 24. júlí s.l. frá N1 f.h. Stekkjarlundar ehf um leyfi til að færa og skipta um tanka á lóð Bjarkalundar. Leyfið veitt. Athuga skal hvort þörf er á að breyta núverandi deiliskipulagi.
6. **0908024** Bréf dags. 18. ágúst s.l. frá Landmælingum Íslands með ósk um liðsinni til að kanna stöðu landupplýsinga í Reykhólahreppi. Sveitarstjóra og byggingafulltrúa falið að svara erindinu.
7. **0903002** Varnargarður við Reykhólahöfn. Nefndin leggur mikla áherslu á að framkvæmdinni verði haldið inni á samgönguáætlun ársins 2010.

Önnur mál.

1. **0909004** Umsókn dags. 26. ágúst s.l. frá Svavari Gestssyni um leyfi til að byggja útisæl við Hólasæl. Leyfið samþykkt.
2. **0909005** Umsókn dags. 31. ágúst s.l. frá Matthíasi Ólasyni um endurnýjun byggingaleyfis vegna viðbyggingar við hlöðu á Hamarlandi. (áður afgreitt 04. ágúst .2005). Leyfið samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)

Herdís Erna Matthíasdóttir (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)